

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2246  
komudagur 29.4.2004



Nefndasvið Alþingis  
Iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Reykjavík, 29. apríl 2004

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum, 881. mál.**

### Tilurð Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Í upphafi er rétt að rifja upp að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) varð til í kjölfar samkomulags milli fulltrúa stjórnvalda og samtaka í iðnaði og sjávarútvegi í árslok 1996 um breytingar á fjárfestingarlánasjóðum þessara atvinnugreina. Annars vegar var ákveðið að stofna Fjárfestingarbanka atvinnulífsins (FBA) með stofnfé að fjárhæð 6 milljarðar króna og hins vegar NSA með stofnfé að fjárhæð 4 milljarðar króna.

Ríkið fékk í sinn hlut Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem var einkavæddur og seldur með miklum hagnaði sem rann í ríkissjóð. Síðar, og í tengslum við sölu FBA, var ákveðið að taka einn milljarð og leggja í sérstakan Framtakssjóð, sem NSA skyldi sjá um að reka, en skyldi að 7 - 10 árum liðnum seldur og andvirðið renna í ríkissjóð.

Iðnlánasjóður, Iðnþróunarsjóður og Fiskveiðasjóður voru sameinaðir í hinum nýja Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

Í 1. grein laga um NSA segir að hann sé sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Þrátt fyrir þetta orðalag um eign ríkisins er ljóst að samkomulag var um að sjóðurinn væri í raun eign atvinnulífsins. Þessi staðreynd endurspeglast í 4. gr. laganna um skipan stjórnar sjóðsins en þar er kveðið á um að atvinnulífið fari með meirihluta í stjórn sjóðsins og felur það í sér viðurkenningu stjórnvalda á hlutdeild iðnaðar og sjávarútvegs í uppbyggingu eiginfjár fjárfestingarlánasjóða iðnaðar- og sjávarútvegs í áratugi fyrir tilurð NSA.

Af ofangreindum ástæðum bera Samtök iðnaðarins hag Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins mjög fyrir brjósti og telja sig bera á honum mikla ábyrgð, enda stóðu þau á sínum tíma fyrir stofnun Iðnlánasjóðs og stjórnunni honum í samvinnu við iðnaðarráðuneytið um áratuga skeið.

### Um frumvarpið

Mikill skortur er á áhættufjármagni til fjárfestinga í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum um þessar mundir. Þegar að kreppti á hlutafjármarkaði ákvað NSA með réttu að draga sig ekki af markaði þótt aðrir kipptu að sér höndum. Það virðist vera eðli markaða af þessu tagi að ganga í bylgjum og þá er nauðsynlegt að sjóður á borð við NSA hafi bolmagn til þess að halda fjárfestingum áfram þegar að kreppir. Það hefur hann ekki við núverandi aðstæður.

Frumvarpinu er ætlað að gera Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins kleift að sinna hlutverki sínu til hagsbóta fyrir nýsköpunar- og srotafyrirtæki

Samtök iðnaðarins styðja frumvarpið eindregið en vilja þó benda á tvennt sem þau telja nauðsynlegt að gera til viðbótar.

**Í fyrsta lagi** telja þau mikilvægt að sjóðurinn hafi heimildir til þess að taka lán til lengri tíma en eins árs og geti þannig brúað bil sem annars koma í starfseminu. Slíkar lántökur mætti jafnvel takmarka með þeim hætti að NSA hefði einungis heimildir til þess að taka víkjandi lán til langs tíma en með uppgreiðsluheimildum. Reynslan sýnir að fjárfestingar taka oft lengri tíma að skila sér en ráð er fyrir gert í upphafi. Jafnframt fer það mjög eftir markaðsaðstæðum hvenær fjárfestar á borð við NSA geta selt sinn hlut og endurfjárfest.

Samtök iðnaðarins leggja því til að 2. grein frumvarpsins verði svohljóðandi (breytingar frá frumvarpinu eru ská- og feitlettraðar):

*10. gr. laganna orðist svo:*

Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins er **[einungis]** heimilt að taka skammtímalán til að jafna sveiflur í greiðslustreymi sínu. **Einnig er sjóðnum heimilt að taka víkjandi lán til lengri tíma, með uppgreiðsluheimildum, til að fjárfesta í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum.** Lán má ekki taka með útgáfu og sölu á skuldabréfum og/eða öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

Sjóðnum er einnig heimilt að leggja fé úr Stofnsjóði í framtakssjóði með öðrum fjárfestum. Hlutdeild Nýsköpunarsjóðs í hverjum framtakssjóði má ekki vera meira en 30% af samanlögðu framlagi til framtakssjóðsins. Stjórn Nýsköpunarsjóðs er heimilt að semja við aðra aðila um vistun framtakssjóða eða tiltekna þjónustu þeim til handa."

**Í öðru lagi** telja Samtök iðnaðarins að í ljósi þess að NSA er ekki eiginleg ríkisstofnun sé rétt að kveða skýrar á í lögnum um sjálfstæði stjórnarinnar og ábyrgð hennar á rekstri NSA. Þess vegna er lagt til að tvær greinar bætist við frumvarpið. Sú fyrri felur í sér að stjórnin fari með öll mál er varða ráðningu og starfskjör framkvæmdastjóra NSA og sú síðari að stjórnin hafi heimild til þess að fela framkvæmdastjóra frekari verkefni en nú eru tiltekin í lögnum, þ.m.t. ákvarðanir um hlutfjárkaup upp að vissu marki. Tilgangurinn er að greiða fyrir markvissari og nútímalegri vinnubrögðum og verkaskiptingu innan sjóðsins. Í samræmi við þetta leggja Samtök iðnaðarins til að:

2. tl. 5. gr. laganna orðist svo:

2. Ráðning framkvæmdastjóra **og ákvörðun um kjör hans.**

1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:


Framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs fer með daglegan rekstur sjóðsins samkvæmt umboði sjóðstjórnar. Stjórn sjóðsins getur veitt framkvæmdastjóra heimild til að taka ákvarðanir um **þátttöku sjóðsins í fjármögnun, svo sem hlutfjárkaupum, lánveitingum, veitingu styrkja og ábyrgða og ákvarðanir um tryggingar og lánakjör innan tiltekinna marka samkvæmt reglum sem stjórn sjóðsins setur.**

Samtök iðnaðarins ítreka stuðning sinn við frumvarpið en telja brýnt að þær breytingar, sem hér eru lagðar til, verði teknar upp í frumvarpið.

#### SAMTÖK IÐNAÐARINS



Sveinn Hannesson  
framkvæmdastjóri



Són Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri og  
stjórnarmaður í NSA